

Siðmennt
c/o Sigurður Hólm Gunnarsson
Æsufelli 4
111 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. júlí 2002
Tilvísun: DKM02060027/870/HZ/

Í bréfi yðar, dags. 5. júní 2002, senduð þér umsókn þar sem þess var farið á leit að félagið Siðmennt hljóti skráningu sem trúfélag á grundvelli laga um skráð trúfélög nr. 108 28. desember 1999. Umsókninni fylgdi ítarleg greinargerð þar sem því er lýst að félagið telji að það uppfylli skilyrði til skráningar, en skilyrðin eru talin upp í 3. gr. Laganna, og eins er rakið að félagið hefur siðrænan húmanisma að leiðarljósi. Þá fylgdu frekari upplýsingar, lög félagsins og félagatal.

Í 4. mgr. 4. gr. ofangreindra laga segir: „Áúr en leyfi er veitt til skráningar trúfélags skal leita áhlits nefndar sem dóms- og kirkjumálaráðherra skipar...“ Í samræmi við þetta ákvæði sendi ráðuneytið hinni áhlitsgefandi nefnd erindi yðar til umsagnar með bréfi, dags. 5. júní 2002, og í niðurlagi bréfsins var þess farið á leit við nefndina að hún láti í té umsögn um hvort félagið uppfylli skilyrði til skráningar sem trúfélag á grundvelli framkominna upplýsinga.

Svar nefndarinnar barst með bréfi, dags. 5. þ.m. Nefndarmenn eru samdóma um að félagið „Siðmennt – Félag um borgaralegar athafnir“ uppfylli ekki skilyrði til skráningar á grundvelli ákvæða laga nr. 108/1999 sem og framlagðra gagna og upplýsinga.

Rökin sem tilgreind eru, eru þau að ekki verði talið að Siðmennt teljist félag sem leggi stund á átrúnað eða trú sem tengja má við þau trúarbrögð mannkyns sem eiga sér sögulegar eða menningarlegar rætur, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Siðmennt virðist vera félag um lífsskoðanir og er gerður skýr greinarmunur á trúfélögum annars vegar og félögum um lífsskoðanir hins vegar, sbr. 1. mgr. 1. gr. laganna. Einnig er gerður greinarmunur í 2. mgr. 1. gr. á trúfélögum og félögum um lífsskoðanir. Þá bendir nefndin á að samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laganna sé það gert að skilyrði að í félaginu sé kjarni félagsmanna sem reglulega iðki trú sína í samræmi við kenningar félagsins. Loks er bent á ákvæði 3. tl. 1. mgr. 4. gr. laganna, þar sem krafist er að upplýst sé um tengsl félags er æskir skráningar, við önnur trúarbrögð eða trúarhreyfingar.

Nefndin telur að „Siðmennt – Félag um borgaralegar athafnir“ fullnægi ekki neinum þessara skilyrða og því sé ekki hægt að mæla með skráningu þess sem trúfélags.

Til fróðleiks skal rakið í stuttu máli hvernig þessum málum virðist háttað í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Í íslenskum lögum er gerður skýr munur á trúfélögum annars vegar og félögum um lífsskoðanir hins vegar. Er þessi tilhögun í samræmi við reglur sem gilda á þessu sviði á Norðurlöndunum, þótt með mismunandi hætti sé. Í Danmörku hafa ekki verið sett sérstök lög um trúfélög, en kirkjumálaráðuneytið veitir öðrum trúfélögum en dönsku þjóðkirkjunni viðurkenningu til að starfa sem trúfélög. Ekki er að sjá nein lífsskoðanafélög meðal þeirra. Í Svíþjóð taka lög um trúfélög aðeins til trúfélaga, sem iðka trú, og því geta lífsskoðanafélög ekki fallið undir þau. Í Noregi eru í gildi lög um trúfélög nr. 25 frá 1969 (sem reyndar voru fyrirmynd eldri íslenskra laga um trúfélög nr. 18/1975). Það er eina norræna landið sem sett hefur sérstök lög um lífsskoðanafélög, lög nr. 64/1981 um lífsskoðanafélög. Aðeins eitt lífsskoðanafélag hefur náð því að uppfylla skilyrði til skráningar sem slíkt, Human-Etisk Forbund i Norge. Félagið fær framlög (nokkurs konar sóknargjöld) með svipuðum hætti og skráð trúfélög þar í landi.

Samkvæmt umsögn hinnar álitsgefandi nefndar getur hún ekki mælt með því að Siðmennt fái skráningu sem trúfélag samkvæmt íslenskum lögum. Ráðuneytið hefur að vandlega athuguðu máli komist að sömu niðurstöðu og hin álitsgefandi nefnd komst að, sem er sú, að skráning Siðmenntar sem trúfélags komi ekki til greina, enda kemur glögglega fram í lögnum nr. 108/1999 að lífsskoðanafélög séu annar konar félög en trúfélög. Samkvæmt því sem rakið hefur verið er Siðmennt hér með synjað um skráningu sem trúfélag.

/ Meðfylgjandi er í ljósriti umsögn hinnar álitsgefandi nefndar, dags. 5. þ.m.

Hjalti Zóphóniasson

Fanney Óskarsdóttir